

Málefнасamningur um samstarf A-lista Fyrir okkur öll og B lista Framfarasinna í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss kjörtímabilið 2010 – 2014.

Samningur þessi er grundvallaður á stefnuskrám listanna tveggja fyrir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar og byggir á trausti, heiðarleika og heilindum í samstarfi og samvinnu.

Atvinnumál

Aðilar eru sammála um:

- ✓ Að vinna markvisst að markaðssetningu á sveitarfélaginu sem fýsilegan búsetuvalkost fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
- ✓ Að horfa til skynsamlegrar nýtingar á auðlindum í þágu sveitarfélagsins.
- ✓ Að nýta markvisst m.a. menningu og sögu sveitarfélagsins, íþróttamannvirki, höfnina, Suðurstrandarveg, strandlengjuna og Helligheiðarvirkjun til uppbyggingar atvinnulífsins.
- ✓ Að mikilvægt sé að auka vægi ferðamála í starfi menningarfulltrúa og leita leiða til að auka samvinnu á öllum sviðum er tengjast ferðaþjónustu innan svæðisins, við ferðaskrifstofur og nágrannasveitarfélög.
- ✓ Að stefnt skuli að stofnun sjóðs til styrktar frumkvöðlastarfi á sviði ferðaþjónustu þegar fjárhagslegar aðstæður leyfa.

Mennta- og uppeldismál

Aðilar eru sammála um:

- ✓ Að halda beri áfram vinnu við leikskólabyggingu í Þorlákshöfn á grunni þeirrar undirbúningsvinnu sem staðið hefur yfir í langan tíma og þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu. Leita skal leiða í samvinnu við arkitekta og Mannvit til að lækka framkvæmdakostnað og stýra framkvæmdum í sátt við fjárhagslega getu sveitarfélagsins.
- ✓ Að setja af stað starfshóp í haust til að vinna að málinu. Starfshópin skipa tveir frá A lista, tveir frá B lista, einn fulltrúi frá D lista og einn frá Ö lista. Með hópnum starfi leikskólastjóri. Hópnum er ætlað að skoða hvort og þá hvernig lækka megi kostnað við fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir. Einnig að skoða hvernig haga eigi framkvæmdarhraða og hvernig best sé að standa að framkvæmdum

*Sulem
SLA*

- þannig að sem minnst rask verði á leikskólastarfi. Hópurinn skili niðurstöðum í október 2010.
- ✓ Að mikilvægt sé að móta framhjárnsyn í málefnum leikskóla í dreifbýli og tryggja nægjanleg leikskólaplass fyrir börn í dreifbýli. Starfshópur með aðkomu foreldra í dreifbýli verði settur af stað strax haustið 2010.
 - ✓ Mikilvægi stuðnings við þróunar- og nýbreytniverkefni í skólum og munu leggja áherslu á að styðja við slíkt starf.
 - ✓ Að ný skólastefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð fyrir lok kjörtímabilsins.

Stjórnarsýsla

Aðilar eru sammála um:

- ✓ Að auglýst verður eftir bæjarstjóra og ráðinn í stöðuna hæfasti umsækjandi. Fenginn verði fagaðill svo sem ráðningarskrifstofa til ráðgjafar.
- ✓ Að leita leiða til að gera stjórnarsýsluna gagnsæri og skilvirkari. Leitast verður eftir því að bæjarstjórn vinni sem ein heild.
- ✓ Mikilvægi þess að auka aðkomu bæjarfulltrúa í reglubundnum skoðunum og samamburði á fjárhagsáætlun og rauntölum einstakra fjárhagsliða.
- ✓ Mikilvægi þess að við gerð fjárhagsáætlunar verði fundað með forstöðumönnum stofnana og þeir hafðir með í ráðum.
- ✓ Mikilvægi reglubundinnar skoðunar á rekstri sveitarfélagsins með tilliti til mögulegrar hagræðingar og forgangsstöðunar verkefna. Áhersla er lögð á að þessi vinna sé gerð í samstarfi við forstöðumenn og starfsfólk sveitarfélagsins.

Samgöngumál

- ✓ Aðilar eru sammála um að skoða möguleika á almenningssamgöngum til nágrennasveitarfélaga. Framkvæma í þeim efnum þarfagreiningu og horfa til þess að setja af stað tilraunaverkefni til eins árs.

Menningarmál

- ✓ Aðilar eru sammála um að stefna beri að því að koma minjagripum og safnumunum sveitarfélagsins fyrir í viðunandi húsnæði með sýningarhald í huga.


SCLA

Umhverfis- og skipulagsmál

Aðilar eru sammála um:

- ✓ Að klára gerð aðalskipulags sveitarfélagsins 2010-2022.
- ✓ Að áðurgerðir samningar við Orkuveitu Reykjavíkur verði skoðaðir með áherslu á að klárað verði að ljósleiðaravæða í þéttbýli og dreifbýli Ölfuss. Aðrir möguleikar til ljósleiðaravæðingar verði einnig skoðaðir.
- ✓ Milkilvægi þess að horft sé til heildarstefnumótunar í umhverfismálum. Starfshópur verði settur af stað vorið 2011 með aðkomu fulltrúa listana fjögurra, umhverfisstjóra og íbúa.
- ✓ Að vinna áfram í átt til vistvæna samfélags. Tekur það m.a. til flokkunar á lífrænum úrgangi og endurvinnslu.
- ✓ Að vinna að úrbótum veitumála í sveitarfélaginu á kjörtímabilinu.

Fjölskyldu- og velferðarmál

Aðilar eru sammála um:

- ✓ Að leitað verði eftir auknu samstarfi við nágrannasveitarfélög á sviði félagsþjónustu.
- ✓ Að unnið sé að markvissum undirbúningi þess að málefni fatlaðra og aldraðra flytjast til sveitarfélaga árið 2011 og 2012.
- ✓ Bryna þörf á því að skoða möguleika á hjúkrunarrýmum. Með það fyrir augum verður skipaður starfshópur til að skoða möguleika á að fá úthlutað hjúkrunarrýmum. Starfshópurinn hefji störf í september 2010 og skili af sér niðurstöðum um áramót 2010/2011. Hópin skipa tveir fulltrúar A lista, tveir fulltrúar B lista, einn fulltrúi frá D lista og Ö lista. Með hópnum starfi forstöðumaður Egilsbrautar og félagsmálastjóri.
- ✓ Að láta framkvæma þarfagreiningu á sólarhringsþjónustu og kalla eftir tillögum frá forstöðumanni Egilsbrautar um hugsanlega útfærslu og kostnaðargreiningu.
- ✓ Að efla þurfi starfsemi Ungmennaráðs.
- ✓ Mikilvægi heildarstefnumótunar í málefnum forvarna. Skipaður verði starfshópur sem skili af sér stefnu fyrir lok árs 2011. Hópin skipa tveir fulltrúar A lista, tveir fulltrúar B lista, einn fulltrúi frá D lista og einn frá Ö lista. Með hópnum starfi skólastjórar skólanna, félagsmálastjóri, formaður Ungmennaráðs og íþróttá- og æskulýðsfulltrúi.
- ✓ Að brynt sé að standa vörð um velferð og hagsmuni bæjarbúa með því að tryggja góða grunnþjónustu, ráðgjöf og fræðslu.



SISA

- ✓ Að skoða fyrirkomulag mötuneytismála í Þorlákshöfn og hvort tilefni sé til breytinga frá því sem nú er. Starfshópur verði settur af stað í október 2010 og skili niðurstöðum fyrir lok janúar 2011. Hópin skipta tveir fulltrúar A lista, tveir fulltrúar B lista, einn fulltrúi frá D lista og einn frá Ö lista með aðkomu hlutaðeigandi forstöðumanna stofnana.

Forseti bæjarstjórnar til næstu tveggja ára verður Sigríður Lára Ásbergisdóttir frá A lista og formaður bæjarráðs sama tímabil verður Sveinn Steinarsson frá B lista.

Aðilar þessa samnings munu í október 2012 skoða hvernig tekist hefur að hrinda ofangreindum markniðum í framkvæmd. Í kjölfarið verði samningurinn uppfærður í ljósi niðurstaða og nýrra og/eða breyttra markniða ef með þarf.


Þorlákshöfn, 04. júní 2010



Sigr. Lára Ásbergisdóttir



Sveinn Steinarsson



Guðmundur Baldursson



Anna Björg Nielsdóttir